

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar nr. 309 9. apríl 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, Víðistaðasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í meginatriðum í því að opið svæði/almennt grænt svæði verður opið svæði til sérstakra nota. Afmörkuð eru svæði fyrir tjaldsvæði, skólagarða og hverfisverndar-svæði. Stofnanalóðir fyrir grunnskóla, kirkju og leikskóla eru stækkaðar. Göngustígum og stofnanastígum er breytt til samræmis við deiliskipulag og framkvæmdir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002 – 2024.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 8. júlí 2003 staðfest aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.